

**10. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
18. mars 2015 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundurinn hófst á vettvangsferð í Vesturgötu 102.

Fyrir tekið:

1. 1411152 - Vesturgata 102 - breytingar

Vettvangsferð í Vesturgötu 102, farin í upphafi fundar.

2. 1503106 - Stefnumótun Velferðar- og mannréttindasviðs

Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs kynnti drög að áætlun um stefnumótun í málaflokkum sem tilheyra Velferðar- og mannréttindasviði, ásamt drögum að verkefnislýsingu fyrir stefnumótun í málefnum fatlaðra.

Rætt um valkosti í skipulagi verkefnisins. Sviðsstjóra falið að hefja vinnu við stefnumótun samkvæmt umræðum á fundinum.

3. 1502211 - Velferðarráðuneyti - fundur í mars 2015

Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs sagði frá fundi fulltrúa Akraneskaupstaðar með fulltrúum velferðarráðuneytis þann 12. mars 2015 um málefni fatlaðra. Fyrir hönd Akraneskaupstaðar sátu fundinn Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og sviðsstjórnir Jón Hrói Finnsson og Helga Gunnarsdóttir. Fulltrúar ráðuneytisins voru Bolli Bollason, ráðuneytisstjóri, Ingibjörg Broddadóttir og Rún Knútsdóttir, sérfræðingar í ráðuneytinu.

Velferðarráð samþykkir að bjóða réttindagæslumanni fatlaðs fólks á Vesturlandi og Vestfjörðum til fundar.

4. 1412236 - Hvalfjarðarsveit - samstarfssamningar

Í bréfi dagsettu 18. desember 2014 tilkynnir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, um ákvörðun sveitarstjórnar sveitarfélagsins um að segja upp tilteknum samstarfssamningum við Akraneskaupstað og óska eftir endurskoðun þeirra. Uppsögnin miðast við áramót og uppsagnarfrestur er 12 mánuðir. Bæjarráð Akraneskaupstaðar fjallaði um erindið á fundi sínum þann 15. janúar 2015 og bókaði eftirfarandi:

"Bæjarráð vísar erindinu til meðferðar í fagraðum Akraneskaupstaðar. Samningum er varðar ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála og um rekstur tónlistarskóla er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs og samningi er varðar félagsstarf aldraðra til velferðar- og mannréttindaráðs. Bæjarráð telur eðlilegt að samstarfssamningar séu sífellt í endurskoðun og leggur áherslu á að bæði

sveitarfélögin noti þetta tækifæri til að efla og þróa samstarfið áfram."

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að kanna vilja sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til áframhaldandi samstarfs um félagsstarf eldri borgara. Jafnframt óskar ráðið eftir upplýsingum um þátttöku íbúa Hvalfjarðarsveitar í félagsstarfinu.

Ráðið leggur áherslu á að stjórn FEBAN verði upplýst um málið.

5. 1501061 - Heimsendur matur 2015

Áður á dagskrá 4. fundar Velferðar- og mannréttindaráðs þann 7. janúar 2015. Laufey Jónsdóttir kynnti minnisblað með samanburði kostnaðar og gjalda vegna heimsendingar á mat hjá Akraneskaupstað, Akureyrarkaupstað, Borgarbyggð og Kópavogi.

Ráðið þakkar Laufeyju greinargóða samantekt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Vilhjörtur Guðbjartsson
Guðmundur Þ.
Einar Þ. Bránn
Guðbjartsson
Guðbjartsson
Guðbjartsson